

Föstudaginn 6. maí 1960.

Nr. 28/1960. **Barnavinafélagið Sumargjöf,
Samband íslenzkra kristniboðsfélaga,
Blindrafélag Íslands og
Sigríður Davíðsdóttir (Árni Guðjónsson hdl.)
gegn
skiptaráðandanum í Reykjavík (enginn)
og
Snorra Jónassyni (Sigurður Baldursson hdl.)
og
Björgu Halldórsdóttur og
Valgerði Halldórsdóttur
(Hallgrímur Dalberg hdl.)
og gagnsök.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Erfðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. marz 1960. Þeir hafa fengið gjafsóknarleyfi 5. apríl 1960. Gera þeir þessar dómkröfur:

Að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur.

Að arfleiðsluskrá Sigprúðar heitinnar Sölvadóttur, Úthlíð 16, Reykjavík, dags. 28. júlí 1958, verði gild metin ásamt erfðabréfi, sem arfleiðsluskránni fylgir, og verði skiptum á dánarbúi hennar hagað samkvæmt bréfum þessum.

Að stefnda Snorra Jónassyni og gagnáfrýjendum, Björgu og Valgerði Halldórsdætrum, verði dæmt að greiða aðaláfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti verði dæmd málssóknarlaun eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Stefndi Snorri Jónasson krefst þess, að hinn áfrýjaði úr-

skurður verði staðfestur og aðaláfrýjendum og gagnáfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur, Björg Halldórsdóttir og Valgerður Halldórsdóttir, hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 12. marz 1960, og krafist þess, að þær verði dæmdar einkaerfingjar að eignum dánarbús Sigbrúðar Sölvadóttur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir skiptarétti og Hæstarétti in solidum úr hendi stefnda Snorra Jónassonar og aðaláfrýjenda.

Stefndi skiptaráðandinn í Reykjavík hefur eigi komið fyrir Hæstarétt, þótt honum væri löglega stefnt.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hafa vitnapróf verið háð í málinu.

Sigbrúður heitin Sölvadóttir var fædd 14. marz 1909. Hún giftist 19. ágúst 1950 stefnda Snorra Jónassyni. Þau skildu að borði og sæng 16. ágúst 1954 og fullum lögskilnaði 17. desember 1957. Stefndi Snorri kvæntist að nýju 20. ágúst 1958. Sölvi Halldórsson, faðir Sigbrúðar heitinnar, andaðist 1. janúar 1959, en Sigbrúður andaðist 9. marz 1959.

Tvær erfðaskrár Sigbrúðar heitinnar Sölvadóttur koma hér til álita:

1. Erfðaskrá, dags. 24. september 1955, er staðfest var af notarío publico í Reykjavík sama dag. Frumrit erfðaskrár þessarar hefur eigi komið í leitir og eigi heldur erfðabréf um lausa muni, er hún vísar til, en sjá má af endurriti erfðaskrárinnar úr notarialbók, að hún hefur verið í lögætum búningi.

2. Að Sigbrúði andaðri fannst í hirzlum hennar erfðaskrá, sem hún er talin sjálf hafa handritað og dagsett er 28. júlí 1958. Erfðaskrá þessi er á þremur lausum blöðum, tölusetnum 1—3, og er allt meginefni sjálfrar arfleiðslunnar á blöðum nr. 1 og nr. 2, en á blaði nr. 3 er undirritun Sigbrúðar undir skrána. Þar hefur hún og ritað ákvæði um, að erfðaskráin 24. september 1955 sé úr gildi felld. Tveir menn hafa á blaði nr. 3 ritað undir yfirlýsingu, dags.

26. ágúst 1958, og svo aðra yfirlýsingu á ótölusettu blaði, dags. sama dag, sem vottar að erfðaskránni.

Erfðaskrá þessari fylgdi erfðabréf, óvottfest, ritað af Sigbrúði heitinni og dagsett 26. júlí 1958 um ráðstöfun á ýmsum lausum munum hennar.

Með áritun sinni á erfðaskrána frá 28. júlí 1958 felldi Sigbrúður heitin berum orðum úr gildi hina lögmætu erfðaskrá frá 24. september 1955. Erfðaskrána frá 28. júlí 1958 verður að meta ógilda, þar sem meginefni hennar er ritað á tvö óundirrituð og óvottfest laus blöð, auk þess sem vottun á þriðja lausa blaðinu er eigi í samræmi við ákvæði 25. og 26. gr. erfðalaga nr. 42/1949. Eins og nefndum arfleiðslugerningum er háttað, verður eigi talið, að erfðaskráin frá 24. september 1955 taki aftur gildi við það, að erfðaskráin frá 28. júlí 1958 er ógild metin, enda eigi vitað um hinztu afstöðu Sigbrúðar heitinnar til flestra þeirra, sem arf áttu að taka samkvæmt erfðaskránni frá 24. september 1955. Þau ein arfleiðsluatriði erfðaskrárinnar frá 24. september 1955 þykir því mega láta haldast, sem Sigbrúður heitin vildi standa við, er hún gerði erfðaskrána frá 28. júlí 1958 og erfðabréfið 26. júlí s. á.

Með tilvisun til þess, sem rakið var, teljast eftirtaldir erfðagerningar gildir:

- | | |
|--|----------------|
| I. Til Heiðingjatrúboðsins í Ethiopíu (Sambands íslenzkra kristniboðsfélaga) með þeim skilyrðum, sem segir í ákvæði 2 a í erfðaskránni 24. september 1955 | kr. 100.000.00 |
| II. Til Rannveigar Þorsteinsdóttur, Drápuhlíð 41 | — 10.000.00 |
| III. Til hjóna, er leigðu hjá Sigbrúði, er hún féll frá | — 15.000.00 |
| IV. Til útfarar Sigbrúðar og til að gera kringum leiði hennar og móður hennar ... | — 10.000.00 |
| V. Stefndi Snorri Jónasson hlýtur matar- og kaffistell, silfurborðbúnað og aðra silfurmuni og svo öll glös og kristal. | |

VI. Lilja Bjarnadóttir, Vesturvallagötu 12,
hlýtur saumaborðið.

Allar aðrar skirar eignir dánarbús Sigbrúðar heitinnar Sölvadóttur falla í hlut lögerfingja hennar, Bjargar Halldórsdóttur og Valgerðar Halldórsdóttur.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en dæma ber skipuðum málflytjanda aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti málssóknarlaun úr ríkissjóði, kr. 22.000.00.

Dómsorð:

Arfleðsluskrá Sigbrúðar heitinnar Sölvadóttur frá 28. júlí 1958 er ógild.

Ákvæði erfðaskrár Sigbrúðar heitinnar frá 24. september 1955 eru gild, að því er tekur til eigna þeirra, sem greinir í I—VI að framan.

Allar aðrar skirar eignir dánarbús Sigbrúðar heitinnar Sölvadóttur skulu falla í hlut lögerfingja hennar, gagnáfrýjenda, Bjargar Halldórsdóttur og Valgerðar Halldórsdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 22.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 24. febrúar 1960.

Þann 9. marz 1959 andaðist hér í bænum frú Sigbrúður Sölvadóttir, þá til heimilis að Úthlíð 16, hér í bænum. Uppskrift á eignum búsins fór fram 17. apríl 1959, og var þá ákveðið að gefa út innköllun til erfingja og skuldheimtumanna, og var sú innköllun gefin út 21. apríl 1959 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu 9. maí sama ár.

Ágreiningur kom þegar í ljós um það, hverjir væru erfingjar í búi þessu, og hefur hér í skiptaréttinum verið rekið sérstakt mál út af þeim ágreiningi, og var hann lagður undir úrskurð skiptaréttarins að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 8. þ. m.

Fram hefur komið, að lögerfingjar hinnar látnu eru föðursystur hennar, Björg Halldórsdóttir, Snorragötu 7, og Valgerður Halldórsdóttir, Hafnargötu 10, báðar búsettar á Siglufirði. Einnig hefur verið lagt fram í máli þessu sem réttarskj. nr. 13 svofellt endurrit úr notarialbók Reykjavíkur, dags. 24. desember 1955:

„Ár 1955, laugardaginn 24. september, var ég undirritaður fulltrúi notarii publici í Reykjavík til staðar í skrifstofu hans í húsinu nr. 4 við Tjarnargötu, hér í bæ. Kom þar og þá fyrir mig Sigprúður Sölvadóttir, til heimilis Úthlíð 16, hér í bæ, og sannaði á sér deili. Lagði hún fram og undirritaði í viðurvist minni og notarialvottanna arfleiðsluskrá, sem dags. er í dag. Gerði hún það af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði og kvað skrána hafa vilja sinn að geyma.

Venjulegt vottorð var ritað á skrána, og verður hún innfærð hér á eftir.

Notarialvottar voru þær Dýrleif Árnadóttir og Hebba Herbertsdóttir, sem báðar starfa hér við embættið.

Gjörðinni lokið.

Jónas Thoroddsen ftr.

Notarialvottar:

H. Herbertsdóttir

D. Árnadóttir.

Ég undirrituð Sigprúður Sölvadóttir, Úthlíð 16, Reykjavík, geri hér með svofellda

arfleiðsluskrá:

1. Íbúðarhæð mín, önnur hæð í húsinu Úthlíð 16, Reykjavík, skal að mér látinni seld við því verði, sem fyrir hæðina fæst á þeim tíma. Geri ég hér ráð fyrir, að söluverðið verði kr. 390.000.00.
2. Söluverð íbúðarinnar samkv. framansögðu skal skiptast þannig:
 - a. Heiðingjatrúboðið í Ethíophíu (Samband íslenzkra kristniboðsfélaga) fái kr. 100.000.00
Fjárhæð þessi verði greidd með skuldabréfi, er greiðist upp á 5 árum, með kr. 20.000.00 á ári. Fjárhæðin verði geymd í lánastofnun og ávöxtuð með beztu kjörum. Vaxtatekjurnar verði jafnframt eign heiðingjatrúboðsins og greiðist eftir samkomulagi við forráðamenn þess.
 - b. Trúboðið í Grænlandi (Filadelfía, Erik Eriksson) fái — 50.000.00

c. Snorri Jónasson, Öldugötu 9, Rvík, fáir ..	kr. 50.000.00
d. Sölvi Halldórsson, Úthlíð 16	— 50.000.00
e. Lilja Bjarnadóttir, Vesturv.g. 12, Rvík, fáir ..	— 25.000.00
f. Bergþóra Jónsdóttir, Nökkvavogi 4, fáir ..	— 25.000.00
g. Rannveig Þorsteinsdóttir, Drápuhlíð 41, Rvík, fáir	— 25.000.00
h. Hjón þau, sem leigja á hæðinni hjá mér þegar ég fell frá	— 15.000.00
i. Blindravinafélag Íslands	— 10.000.00
j. Soffía Davíðsdóttir, Túngötu 2, Rvík	10.000.00
k. Guðrún og Ásta Jónsdætur, Þverholti 18	— 10.000.00
l. Fyrir útför minni og til þess að gera í kringum leiði mitt og móður minnar	— 10.000.00
m. Sölulaun og annar kostnaður er áætlað ..	— 10.000.00

Samtals kr. 390.000.00

Seljast hæðin fyrir hærra verð en hér er gert ráð fyrir, skal Snorri Jónasson fá allt að kr. 50.000.00 í viðbót við það, sem áður er getið, og Blindravinafélag Íslands það, sem umfram er kr. 50.000.00. Verði söluverðið lægra en hér er gert ráð fyrir, lækka framangreindar upphæðir hlutfallslega.

Fel ég hér með Rannveigu Þorsteinsdóttur, lögfræðingi, að selja hæðina og ganga frá skuldabréfi heiðingjatrúboðsins og útborgunum til þess. Einnig er henni falið í samráði við Bergþóru Jónsdóttur, Nökkvavogi 4, að sjá um jarðarför mína og ganga frá leiði mínu og móður minnar.

3. Aðrar eignir mínar skiptast þannig:

- Snorri Jónasson fái matar- og kaffistell, silfurborðbúnað og aðra silfurmuni, einnig öll glös og kristal.
- Ásta Brynjólfsdóttir, Úthlíð 16, fái borðstofuhúsgögnin og gólfábreiðuna, sem fylgir þeim, og litlu frönsku kommóðuna.
- Lilja Bjarnadóttir, Vesturvallagötu 12, fái grænu stólana og saumaborðið.
- Bergþóra Jónsdóttir, Nökkvavogi 4, fái stóru kommóðuna, damaskstólinn og sófaborðið.
- Um það, sem ekki er talið hér upp, vísast til erfðabréfs, dags. 20. ágúst 1955, sem er í vörzlum Bergþóru Jónsdóttur, Nökkvavogi 4, Reykjavík, og ef eitthvað er, sem ekki er nefnt hér eða í greindu erfðabréfi, fellur það til Bergþóru.

Arfleiðsluskrá þessa undirrita ég í viðurvist notarii publici í Reykjavík, og skal hún færð inn í notarialbókina. Eftirrit úr bókinni skal vera jafngilt frumriti arfleiðsluskrárinnar.

Reykjavík, 24/9 — september (sic) 1955.

Sigbrúður Sölvadóttir (sign)“.

Loks hefur komið fram í máli þessu svofelld arfleiðsluskrá hinnar látnu, dags. 28. júlí 1958, ásamt erfðabréfi hennar, dags. 26. s. mán., framlögð sem réttarskj. nr. 5 og 6:

„Ég undirrituð Sigbrúður Sölvadóttir, Úthlíð 16, Reykjavík, geri svofellda

Arfleiðsluskrá:

1. Íbúðarhæð mín, önnur hæð í húsinu Úthlíð 16, Rvík, verði að mér látinni seld við því verði, sem fyrir hana fæst á þeim tíma, geri hér ráð fyrir 500.000.00 þúsund (sic) króna söluverði. Fólkið, sem leigir á hæðinni, fái árs frest til að útvega sér pláss, ef þess þarf.

2. Söluverð íbúðarinnar samkvæmt framansögðu skal skiptast þannig:

- a. Barnavinafélagið „Sumargjöf“, Rvík, fái .. kr. 200.000.00
- b. Heiðingjatrúboðið í Ethiophiu, samband ísl. kristniboðsfél. fái — 100.000.00

Samtals kr. 300.000.00

- c. Sölvi Halldórsson, Úthlíð 16, fái skuldabréf útgefið Halldóri Sveinssyni, Öldugötu 9, nú að upphæð um — 100.000.00
Verði eitthvað eftir af því, þegar hann fellur frá, þá fái Blindrafélag Íslands það. Faðir minn fái einnig — 25.000.00 af söluverði hæðarinnar og þegar búið yrði að greiða skatta af bílnum 30.000.00 þá það, sem hann seldist fyrir. Gildir sama um það, ef hann þarf þess ekki, þá Blindrafél.
- d. Rannveig Þorsteinsdóttir, Drápuhlíð 41 .. — 10.000.00
- e. Hjón þau, sem leigja hjá mér, er ég fell frá (konan veitir aðstoð) — 30.000.00

f. Fyrir útförinni og gera kring um leiði mitt og móður minnar (sami reitur)	— 20.000.00
g. Sölulaun og annar kostnaður	15.000.00

1000.000.00 (sic)

Samtals kr. 4000.000.00 (sic)

(á spássíu: Skuld 2 skuldabréf 1000.000. (sic)).

Seljist hæðin fyrir hærra verð en gert er ráð fyrir, hækki framangreindar upphæðir hlutfallslega.

Verði söluverðið lægra, þá lækka þær hlutfallslega.

Fel ég hér með Rannveigu Þorsteinsd. lögfr. að selja hæðina og ganga frá þessu.

Einnig er henni falið í samráði við frú Sigríði Davíðsdóttur, Rauðalæk 39, Reykjavík, að sjá um útför mína og ganga frá leiði mínu og móður minnar, sem er í sama grafreit í Fossvogi.

Viðvíkjandi innbúi og öðrum eignum vísast til erfðabréfs, dags. 26. júlí 1958, sem er í vörzlu frú Sigríðar Davíðsdóttur, Rauðalæk 39, Rvík.

Reykjavík, 28. júlí 1958.

Sigbrúður Sölvadóttir, Úthlíð 16, Rvík.

Arfleiðsluskrá, dags. 24/9 1955, fellur hér með úr gildi.

Ár 1958, þriðjudaginn 26. ágúst, vorum við undirritaðir beðnir að koma í Úthlíð 16, hér í bæ, til Sigbrúðar Sölvadóttur, til að undirrita arfleiðsluskrá þessa, sem ég Sigbrúður Sölvad., Úthlíð 16, geri af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði, og hefur skráin vilja minn að geyma.

Vottar:

Gunnlaugur Jónsson,

Jón Einarsson.

Rvík, 26/8 1958.

Ég undirrituð, Sigbrúður Sölvadóttir, Úthlíð 16, hefi beðið hr. Jón Einarsson, Grænuhlíð, Kringlumýrarbl. 13, Rvík, vinnur núna hjá Heildsölu, og hr. Gunnlaug Jónsson, Úthlíð 16, vinnur við byggingarvinnu, að vera vitundarvotta undir arfleiðsluskrá, sem ég var að gera og skrifa þeir nöfn sín hér undir því til sönnunar.

Rvík, 26/8 1958.

Gunnlaugur Jónsson

Jón Einarsson.

Erfðabréf.

- 1) Jónas Jakobsson og frú, Brekkugötu 15, Akureyri:
Gólfteppið stofunni, ríksuguna (sic), veggteppið, litlu dökkbrúnu kommóðuna, rúmfataskápinn, saumavélina, litla dívanninn, 4 sett rúmföt, gúmíðinuna (sic).
- 2) Lilja Bjarnadóttir, Vesturvallagötu 12, og dætur:
2 matardúkar, 2 misl. kaffidúkar, útsaumuðu dúkarnir (hvíta bojinu) öll hanklæði (sic) og viskustykki, alla sloppa, hilluna og dótið sem er á henni, saumaborðið og það, sem er á því, hún og dætur hennar öll undirföt og náttkjóla og allt í litlu skúffunni, festar, men, eyrnalokka, hringa o. fl. (nema krossinn og hvítu festina), hárburrkuna, báða brúnu púðana. (Á spássíu: Sími 16777).
- 3) Ásta Jónasdóttir, Þverholti 18 L, Krossinn, litlu skúffu.
Guðrún Jónasdóttir, Þverholti 18 L, hvítu fimmföldu festina og þær saman Kriststyttuna. Sími 23776.
- 4) Sigríður Davíðsdóttir, Rauðalæk 39:
Gráa pelsinn, 2 kjóla, rauðu plussgardínurnar og storesana, 2 matardúka, 1 kaffidúk misl. og fallega útsaumaða löberinn, þrjú ónuðu dúkana til $\frac{1}{2}$ við Soffíu D. Borðstofuhúsgögnin, allar snirtivörur (sic) til $\frac{1}{2}$ við Soffíu og allt dótið í glugganum, veggljós í holinu.
- 5) Soffía Davíðsdóttir, Mjóstræti 8:
ceipinn, grænu gardínurnar, litla útsaumaða kaffidúkinn (hvíta), 2 misl. kaffidúka, svefnsofann og stólinn, sem fylgir honum, báðar blómamyndirnar, ljósakrónuna, perlusaumuðu selskafstöskuna (sic).
- 6) Sigríður Bjarnadóttir, Langholtsveg 202:
Gula frakkann, brúna pelsinn, draktina, 2 kjóla, 2 skó, 1 tösku, standlampann, veggljósin stofunni, gula vestið og öll ósaumuðu efnin, 2 hatta, 2 hanska (Á spássíu: Sími 33438).
- 7) Bergþóra Jónsdóttir, Nökkvavogi 4:
Herðasláið heklaða, stærri borðlampann, rauða púðann, nælonblússuna, kristallsöskubakkann, litla silfurbakkann og rauða vasann. Úrið mitt, 2 skó, 2 hanzka, 2 hatta. (Á spássíu: Sími 34209).
- 8) Margrét Jónsdóttir, Ránargötu 4:
Minni borðlampann, stóra málverkið, hnallinn, frönsku kommóðuna (marmaraplötu), stóra, útsaumaða kaffidúkinn (hvíta). Bergsveinn maður hennar myndina af manni með blysið. (Á spássíu: sími 24112).

- 9) Sölvi Halldórsson, Úthlíð 16:
Báða grænu plussstólana, gólfteppið holinu, 2 sett rúmföt, útvarpið og myndir, ef hann vill þær.
- 10) Snorri Jónasson, Öldugötu 9:
Allt silfurtauið í skúffum og líka í skápum, allan krystal og öll glös, matar- og kaffistell, útsaumuðu rósina, sem er innpökkuð í skápnum. Vinsamlegast pakkið þessu í kassa og skrifið utan á þá og sendið bíl með þá á Öldugötu 9. Hægt að hringja hina alla búið taka það til og láta þá sækja það nema Jónas, verður líklega að pakka því í kassa og senda það norður.
- 11) Jóhanna Aðalsteinsdóttir, Úthlíð 16:
Stóru kommóðuna, vöflujárnið, sófaborðið, þvottavélina, kaffikönnuna, straujárníð, 2 potta, 2 kökuform.
Það sem eftir er og ekki er nefnt hér gangi til Sigríðar Davíðsdóttur.

Rvk. 26/7 1958.

Sigbrúður Sölvadóttir, Úthlíð 16.“

Af þeim aðiljum, sem eru nefndir sem arfbegar í rskj. 5, hafa þessir látið mæta í málinu: Barnavinafélagið Sumargjöf, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, Blindrafélag Íslands og Sigríður Davíðsdóttir. Þær kröfur eru gerðar af þeirra hálfu, að arfleiðsluskrá, dagsett 28. júlí 1958, verði ásamt erfðabréfi, dagsettu 26. sama mán., metin gild og eignum dánarbúsins ráðstafað í samræmi við þar greind ákvæði. Þess er og krafizt af hálfu þessara aðilja, að Snorra Jónassyni, Björgu Halldórsdóttur og Valgerði Halldórsdóttur verði in solidum gert að greiða þeim málskostnað.

Þá hefur Snorri Jónasson, Öldugötu 9, látið mæta í máli þessu. Hann hefur gert þær réttarkröfur, að arfleiðsluskrá, undirrituð í viðurvist notarii publici 24. september 1955, verði metin gild og að farið verði með eignir búsins í samræmi við ákvæði hennar. Hann krefst þess, að Barnavinafélaginu Sumargjöf, Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga, Blindrafélagi Íslands, Sigríði Davíðsdóttur, Björgu Halldórsdóttur og Valgerði Halldórsdóttur verði in solidum gert að greiða sér málskostnað.

Loks hafa þær Björg Halldórsdóttir, Snorragötu 7, Siglufirði, og Valgerður Halldórsdóttir, Hafnargötu 10, Siglufirði, en þær eru föðursystur arfleifanda, látið mæta í máli þessu. Þær krefjast þess aðallega, að úrskurðað verði, að erfðaskrá, dagsett 24. september 1955, og erfðaskrá, dagsett 28. júlí 1958, ásamt erfðabréfi, verði báðar metnar ógildar, og verði þeim því úrskurð-

aðar eignir búsins sem lögerfingjum, en til vara krefjast þær þess, að verði önnur hvor skráin metin gild, þá verði allar eignir búsins, sem þar er ekki sérstaklega ráðstafað, látnar renna til þeirra systranna. Loks krefjast þær þess, að þeim verði úrskurðaður málskostnaður úr höndum Barnavinafélagsins Sumargjafar, Blindrafélags Íslands, Sambands íslenzkra kristniboðsfélaga og Snorra Jónassonar in solidum.

Fyrstnefndir aðiljar, Barnavinafélagið Sumargjöf, Samband íslenzkra kristniboðsfélaga, Blindrafélag Íslands og Sigríður Davíðsdóttir gera svo látandi grein fyrir kröfum sínum:

Erfðaskrá sú, sem Sigbrúður Sölvadóttir undirritaði 28. júlí 1958, er gild í alla staði. Það hefur ekki verið vefengt, að hún hafi undirritað skrána sjálf og gert það af fúsum og frjálsum vilja. Það sé og fullvíst, að efni skrárinnar hafi verið vilji hennar. Hinn 26. ágúst 1958 hafi vottarnir Gunnlaugur Jónsson, Úthlíð 16, og Jón Einarsson, Grænuhlíð, Kringlumýrarbletti 13, undirritað þá yfirlýsingu Sigbrúðar, að hún hafi beðið þá að vera vitundarvotta að arfleiðsluskrá, sem hún hafi verið að gera, og að hún hafi gert skrána af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði og að skráin hafi vilja hennar að geyma. Er því haldið fram, að með þessu sé fullnægt formsatriðum þeim, sem erfðalög ætlast til, sbr. III. kafla laganna. Í 24. gr. laganna sé það talið fullnægjandi, að arfleiðsluskrá sé skrifleg, að hún sé undirrituð af arfleifanda sjálfum og að arfleifandi hafi viðurkennt efni hennar fyrir tveimur vottum. Í 25. gr. séu um þetta nánari ákvæði, og við samanburð á þeim og tilhögun undirskrifta vottanna verði ekki annað séð en að áritun votta á arfleiðsluskrá Sigbrúðar Sölvadóttur hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem þar séu sett. Í lok þeirrar greinar segir enn fremur, að yfirlýsing votta samkvæmt þeirri grein skuli metin sem gild sönnun, nema sérstök atvik bendi til hins gagnstæða, og slík atvik séu hér ekki til staðar. Þannig sé ljóst, að þessi síðari arfleiðsluskrá Sigbrúðar sé góð og gild í alla staði og að hin fyrri skrá hennar sé þannig úr gildi fallin, enda sé sú viljayfirlýsing hennar skýr og berum orðum skráð í síðari skránni.

Snorri Jónasson heldur því fram, að arfleiðsluskráin á rskj. 5 og erfðabréfið á rskj. 6 séu algerlega ógild og ekkert ákvæði þeirra að neinu hafandi. Því er haldið fram af hans hálfu, að þar eð það sé almenn regla laga, að eignir skuli renna til ættingja við andlát eiganda þeirra, og frávik frá þeirri reglu séu undantekningarákvæði, séu gerðar strangar formkröfur um arf-

leiðsluskrá, sem fylgja verði út í æsar, ef skráin eigi að hafa gildi. Þessi stefna komi hvarvetna fram í erfðalögum, er um arfleiðsluskrár sé fjallað.

Er fyrst bent á 19. grein erfðalaga. Þar sé það skilyrði sett, til þess að heimilt teljist að ráðstafa eignum með arfleiðsluskrá, að arfleifandi sé svo andlega heill, að ætla megi hann færán til að ráðstafa eignum sínum af nokkurri skynsemi. Sönnun fyrir þessu andlega hæfi megi tryggja með því að undirrita skrána í viðurvist notarii publici, enda sé sú leið allajafna farin. Þannig hafi og Sigbrúður Sölvadóttir farið að, er hún gerði arfleiðsluskrá sína hinn 24. september 1955, og sé skrá þessi fullgildur erfðagerningur að öllu leyti.

Á það er bent, að III. kafli erfðalaga setji strangar reglur um arfleiðslugerðinga, bæði að því er varðar andlegt heilbrigði arfleifanda og hæfni votta, ef arfleiðsluskrá er ekki undirrituð í viðurvist notarii publici. Beri hér að líta á ákvæði 24.—27. gr. erfðalaga. Vottarnir skuli vera þekktir að samvizeksemi og hvorki andlega sljóir né truflaðir, og skráin megi á engan hátt snerta persónulega hagsmunum þeirra. Þeir skuli samtímis undirrita sérstakt vottorð á skránni, þar sem þess sé getið, að þeir hafi sérstaklega verið kvaddir til að votta undirskrift arfleifanda og að hann hafi, vitandi vits og með fullu ráði, undirritað skrána að þeim báðum viðstöddum og lýst því yfir, að efni hennar væri vilji sinn. Enn fremur skuli vottar geta þess, að þeim hafi verið vitanlegt, að um arfleiðsluskrá væri að ræða. Yfirlýsing skuli vera dagsett og þess getið, hvar undirskriftirnar fóru fram.

Nú er því haldið fram, að vottarnir og arfleifandi hafi svo mjög vanrækt þessi formskilyrði, að ekki fari hjá því, að síðari arfleiðsluskráin og erfðabréfið, sem séu vitanlega hvort öðru nátengd, séu algerlega ógild plögg og að engu hafandi. Bent er á það, að svo virðist sem arfleifandi hafi ritað undir erfðabréfið hinn 26. júlí 1958 og sjálfa arfleiðsluskrána hinn 28. sama mánaðar, en vottarnir hafi ritað vottorð sitt á skrána fyrst hinn 26. ágúst sama árs. Ekki sé þess heldur getið í vottorðinu, að þeir hafi sérstaklega athugað, hvort arfleifandi væri með fullu ráði að ráðstafa eignum sínum, og ekki heldur, að þeir hafi samtímis undirritað vottorðið. Allur frágangur á vottorði þessara manna virðist gefa til kynna, að þeir hafi ekki uppfyllt þau skilyrði, sem almennt verði að gera til votta að arfleiðsluskrá.

Af öllu þessu leiði, að skrá þessi og erfðabréf séu að engu haf-

andi. Afturköllun sú á fyrri arfleiðsluskránni, sem hin síðari tekur fram berum orðum, hljóti að miðast við það, að hún tæki gildi. Þar sem ekkert hafi komið fram í málinu, er til þess bendi, að arfleifandi hafi ætlazt til þess, að lögerfingjar hennar hlytu arf eftir hana, ef hin síðari skrá yrði metin ógild, þá verði ekki annað fyrir hendi en að líta svo á, að afturköllunin sé fallin úr gildi.

Af hálfu þeirra Bjargar og Valgerðar Halldórsdætra er því haldið fram, að arfleiðsluskrá, sem undirrituð var og staðfest notarialiter hinn 24. september 1955, hafi, er hún var gerð og þannig frá gengin, verið góð og gild að öllu leyti. Nú hafi arfleifandi gert nýja arfleiðsluskrá sumarið 1958, rskj. 5, og erfðabréf, rskj. 6, og gert þar allt aðra ráðstöfun eigna sinna og lýst þar yfir vilja sínum að afturkalla hina fyrri skrá. Með tilvísun til raka þeirra, sem fram hafa komið af hálfu Snorra Jónassonar og lýst er hér að framan, er því nú haldið fram, að ekki komi til mála að ráðstafa eignum dánarbúsins samkvæmt ákvæðum hinnar síðari arfleiðsluskrár og erfðabréfs. Arfleifandi og vottar, sem þar hafi skráð nöfn sín, hafi svo mjög vanrækt að sinna hinum ströngu formkröfum, sem lög gera til undirritunar arfleiðsluskrár fyrir vottum. Aftur á móti beri á það að líta, að afturköllun arfleiðsluskrár sé engan veginn formbundin að lögum, þótt undirskrift hennar sé það svo mjög, og því er nú haldið fram, að afturköllun sé gild í þessu falli.

Þannig er ljóst, að eftir hvorugri skránni verði farið um ráðstöfun eigna dánarbúsins. Af því leiði, að eignirnar hljóti að falla í hlut þeirra systra, sem þá standi einar til arfs samkvæmt ákvæðum laga um frændsemiserfðir.

Vottar að arfleiðsluskránni á rskj. 5, þeir Gunnlaugur Jónsson verkamaður, Laugavegi 92, og Jón Einarsson, Seljalandsvegi 13, hafa mætt hér í réttinum. Hafa þeir kannast við undirskriftir sínar undir arfleiðsluskrána á rskj. 5.

Gunnlaugur Jónsson skýrir svo frá, að hann hafi kannast við Sigbrúði Sölvadóttur, en ekki þekkt hana sérstaklega, en hann hafi komið nokkrum sinnum í húsið, þar sem hún bjó, til þess að heimsækja fólk, sem þar átti heima. Hafi Sigbrúður komið til hans, þar sem hann bjó, og beðið hann að skrifa undir arfleiðsluskrá heima hjá henni. Kveðst Gunnlaugur ekki muna, hvar hann bjó þá, þó líklega í Úthlíð 16. Þetta hafi átt sér stað rétt fyrir hádegis, og kveðst hann svo hafa farið til Sigbrúðar, er hann fór til vinnu sinnar eftir hádegismat, og þá skrifað

undir arfleiðsluskrána, og hafi þau Sigbrúður og hann þá verið ein inni, þar sem undirskriftin fór fram. Sigbrúður hafi sagt sér, að um arfleiðsluskrá væri að ræða, og segist Gunnlaugur hafa litið yfir skjalið, en ekki kynnt sér efni þess nánar og muni nú ekki, hvað í því stóð. Ekki kveðst Gunnlaugur muna, hvort Sigbrúður undirritaði skjalið, meðan hann var þar viðstaddur. Gunnlaugur kveðst hafa mætt manni, sem hann ekki þekkti, er hann var á leið frá undirskriftinni, og hafi sá verið á leið inn til Sigbrúðar, en hún hafi áður getið þess, að hún ætti von á öðrum votti. Kveðst Gunnlaugur ekki hafa séð mann þenna skrifa undir, enda á hraðri ferð til vinnu sinnar. Gunnlaugur kveðst ekki hafa skrifað yfirlýsingu þá, sem hann undirritaði. Hann getur þess, að sér hafi virzt Sigbrúður vera heil heilsu andlega séð.

Jón Einarsson kveðst hafa litið yfir skjal það, sem hann skrifaði undir, og hafa séð, að um arfleiðsluskrá var að ræða, sbr. yfirskrift skjalsins. Hann segir, að viðstaddur undirskrift sína hafi verið maður, sem hann heldur, að hafi heitið Gunnar, en hann kveðst ekki hafa verið honum kunnugur. Þessi maður hafi setið inni, er hann kom á vettvang, en farið svo skömmu síðar. Þó heldur Jón sig hafa verið búinn að skrifa undir, er þessi maður fór. Ekki kveðst Jón muna, hvort þessi maður hafi undirritað skrána, meðan Jón hafði þar viðdvöl. Þá skýrir Jón svo frá, að hann hafi þekkt Sigbrúði og að hún hafi hringt til hans og beðið hann um að koma þenna dag kl. 1 til þess að vera þar vottur, því að þá yrði annar maður þar viðstaddur.

Eins og að framan getur, segir í arfleiðsluskrá, dagsettri 24. september 1955, 3. lið e, að erfðabréf, dagsett 20. ágúst 1955 sé í vörzlum Bergþóru Jónsdóttur. Hefur nefnd Bergþóra Jónsdóttir, Nökkvavogi 4, mætt í réttinum sem vitni. Hún hefur skýrt svo frá, að erfðabréf þetta hafi verið í sínum fórum um tíma, en Sigbrúður hafi komið til sín sumarið 1958, sennilega í ágústmánuði, og fengið bréf þetta afhent, og um leið hafi Sigbrúður látið þess getið, að hún væri að hugsa um að breyta efni þessa bréfs og teldi rétt, að góðgerðafélög nytu eignanna, t. d. Sumargjöf og Blindrafélagið eða Blindravinafélagið. Kveðst Bergþóra síðan ekkert vita um afdrif bréfs þessa. Þessi framburður Bergþóru Jónsdóttur var tekinn gildur sem staðfestur væri, en mótmælt sem röngum og vilhölum af hálfu Snorra Jónassonar.

Svo sem fram kemur hér að framan, er hin meinta arfleiðsluskrá hinnar látnu frá 28. júlí 1958 svo og erfðabréf hennar frá

26. júlí sama ár undirritað af henni, en hins vegar er við vottun hennar engan veginn fylgt reglum erfðalaga. Hún er ekki gerð eða viðurkennd fyrir notario publico, en hins vegar virðast vera tilkvaddir 2 vottar tæpum mánuði síðar en þessi arfleiðsluskrá er undirrituð. Vottar þessir fylgja í engu ákvæðum 25. og 26. gr. erfðalaga, og framburður þeirra hér í réttinum bendir naumast til, að þeir uppfylli skilyrði 27. gr. um votthæfni.

Að þessu athuguðu þykir ekki fært að taka skjal þetta til greina sem arfleiðsluskrá.

Það liggur fyrir í máli þessu, að hin látna hefur gert arfleiðsluskrá þann 24. september 1955, staðfesta sama dag af notario publico í Reykjavík. Frumrit þeirrar arfleiðsluskrár hefur ekki fundizt meðal eftirlátinna muna hennar, en hins vegar hefur verið lagt fram staðfest endurrit af henni úr notarialbókinni.

Eigi verður annað séð en að sú skrá hafi verið í lögformlegum búningi, þegar hún var gerð, enda hefur því gagnstæða ekki verið haldið fram í máli þessu, en hins vegar er fullyrt, að hin látna hafi afturkallað hana með áritun á síðari arfleiðsluskrá meðal annars.

Ekkert hefur komið fram í máli þessu um það, að hin látna hafi ætlað að fella arfleiðsluskrá þessa úr gildi til hagsbóta fyrir lögerfingja sína. Þykir því réttara að líta svo á, að yfirlýsing þessi, sem skráð er óundirrituð á sama blað og síðari ráðstöfun hennar er gerð, sé markleysa um leið og sú ráðstöfun er metin ógild.

Verður því að telja, að arfleiðsluskrá hinnar látnu frá 24. september 1955 sé í gildi og beri að skipta eignum þeim, sem þar eru tilgreindar, samkvæmt ákvæðum hennar, enda hljóti lögerfingjar hinnar látnu þær eignir, sem þar eru ekki sérstaklega tilnefndar.

Rétt þykir, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Því úrskurðast:

Meint arfleiðsluskrá Sigbrúðar Sölvadóttur frá 28. júlí 1958 skal teljast ógild.

Arfleiðsluskrá hennar frá 24. september 1955 er metin gild, og verður eignum hennar, sem þar eru tilgreindar, skipt samkvæmt ákvæðum hennar. Eignir búsins skulu að öðru leyti falla til lögerfingja hennar, Bjargar Halldórsdóttur og Valgerðar Halldórsdóttur.

Málskostnaður falli niður.